

Kæli- og frystivöruþrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 217 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Kæli- og frystivöruþrygging bætir tjón á vörum í kæli- og frystigeymslum ef hiti hækkar skyndilega vegna ófyrirsjáanlegra atvika.



Hvað er tryggt?

Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Bilunar í kælivélum.
- ✓ Straumrofs.
- ✓ Annarra ófyrirsjáanlegra atvika.



Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin bætir ekki:

- ✗ Tjón á vörum í kæli- og frystigámum.
- ✗ Tjón á vörum sem voru gallaðar þegar þeim var komið fyrir í geymslu.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin greiðir ekki bætur vegna rekstrartaps eða annars óbeins tjóns.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í váttryggingaskírteini.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. þeirri að þér beri að halda frysti- og kælikerfi í góðu rekstrarástandi.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.